Árneshreppur
Bolungarvíkurkaupstaður
Ísafjörður
Kaldrananeshreppur
Reykhólahreppur
Tálknafjarðarhreppur
Strandabyggð
Súðavíkurhreppur
Vesturbyggð

Ísafirði 18. ágúst 2021

Boð á 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga - haust.

Með vísan til 10. greinar samþykktar stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga er hér með boðið til 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga - haust. Þingið verður haldið föstudaginn 22. og laugardaginn 23. október 2021 á Ísafirði en nánari staðsetning verður tilkynnt þegar nær dregur.

Umfjöllunarefni þingsins samkvæmt samþykkt 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga -vor; *Þjónusta sveitarfélaga í víðum skilningi.*

Dagskrá þingsins samkvæmt samþykktum

1. Ávarp formanns FV.
2. Skýrsla formanns Samgöngu og fjarskiptanefndar.
3. Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða.
4. Ályktanir um helstu hagsmunamál Vestfirðinga og stefnumótun sveitarfélaganna í einstaka málum.
5. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.
6. Ákvörðun um árstillag sveitarfélaganna á næsta starfsári.
7. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis. – *Er ekki virkur liður á þessu þingi*
9. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns - *Er ekki virkur liður á þessu þingi*
10. Kosning í fastanefndir - *Er ekki virkur liður á þessu þingi*
11. Breytingar á samþykktum FV.
12. Önnur mál löglega fram borin.

Umfjöllunarefni þingsins verður rætt að loknum 4. lið dagskrár. Útfærsla dagskrárliðarins verður ákveðinn þegar nær dregur þinginu og kynnt á vefslóðinni https://www.vestfirdir.is/is/malaflokkar/sveitarstjornarmal/hausttthing/hausttthing-2021 - , ásamt öðrum gögnum er varða þingið. Miðað er við að þingið hefst með léttum morgunverði og skráningu kl.10:00 og verður þingið sett kl. 10.30 á föstudeginum 22. október með framlagningu fjárhagsáætlunar 2022.

Dagskrá og dagsetning þingsins óskast kynnt aðal og varafulltrúum í sveitarstjórn. Hafi sveitarstjórn eða einstaka sveitarstjórnarfulltrúar hug á að leggja ályktanir fyrir þingið er þess óskað, að þær verði sendar inn með góðum fyrirvara ef mögulegt er.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðstjóri byggðaþróunar